

**REGLUGERÐ**

um breyting á reglugerð nr. 43 8. febrúar 1974,  
um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum.

**1. gr.**

Á eftir 1. lið 1. gr. kemur ný málsgrein, sem orðist svo:

Þó skal skipum innan lögmætra stærðartakmarka heimilt að veiða innan þessara marka á svæði, sem takmarkast af lengdarbaugum 21°57'0 v. og 22°32'0 v. innan línu, sem dregin er milli þeirra þjár sjómilur út frá ströndinni.

**2. gr.**

2. mgr. 4. gr. orðist svo: Enn fremur er öll netaveiði bönnuð allt árið 1974 í Breiðafirði innan línu, sem dregin er réttvisandi 143° úr Skorarvíta (65°24'9 n.br. 23°57'4 v.lgd.) í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

**3. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, og lögum nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1974.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Dórður Ásgeirsson.*